



Dagsetning: 3. Mars 2022

Efni: Götulýsing í Fjallabyggð

Höfundur: Ármann V. Sigurðsson

Málsnúmer  
1804059

### Götulýsing í Fjallabyggð

Fjallabyggð yfirtók götulýsingu árið 2019 og var undirritaður samningur um afhendingu á kerfinu við Rarik þann 19.03.2019. Strax var hafið handa við að endurnýja ljósker og skipta yfir í LED lýsing. Búið er að endurnýja öll ljósker á Ólafsfirði og stefnt að því að klára verkefnið á Siglufirði í sumar. Ástand kerfisins er misjafnt milli þéttbýliskjarna þar sem kerfið er heldur verra á Siglufirði. Helst er um að ræða að endurnýja þarf strengi í jörð. Eftir að vinna við endurnýjun ljóskerja hófst þá hefur kvörtunum frá íbúum fækkað mjög mikið samhliða. Kveiking á kerfunum er tvenns konar þ.e. eftir gps úri annars vegar og hins vegar fótosella. Það útskýrir í einhverjum tilfellum af hverju sumar götur eru með kveikt meðan aðrar eru slökktar. Það má seigja að nokkrar götur hangi á bláþræði með rafmagn þar sem strengir eru orðnir lélegir. Unnið er að kortlagningu á hvar þörf er á endurnýjun strengja og farið verður í endurnýjun á þeim nú í sumar og næstu sumur. Götulýsing á þjóðveg í þéttbýli heyrir undir Vegagerðina og hefur hún verið annsi bágborin síðustu ár en þeir eru þó byrjaðir að skipta út ljóskerjum og setja LED lýsingu í staðinn sem skilar sér í mun færri bilunum hjá þeim.

Samhliða LED væðingu hefur rafmagnskostnaður lækkað mikið. Hér að neðan er tafla sem sýnir rafmagnskostnað fyrir árin 2018 – 2021.

|      |            |
|------|------------|
| 2018 | 11.375.188 |
| 2019 | 7.404.255  |
| 2020 | 5.061.812  |
| 2021 | 4.004.394  |

Undirritaður áætlar að þegar útskiptum yfir í LED verður lokið muni rafmagnskostnaður um 2 milljónir á ári.



Ármann Viðar Sigurðsson  
Deildarstjóri tæknideildar